

Ed.

329. Frumvarp til laga

um vinnutíma starfsstúlkna á heimilum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Fyrirmæli þessara laga ná til allra þeirra kvenna, sem vinna að algengum störfum á heimilum, svo og til þeirra kvenna, sem ganga um beina, aðstoða við matreiðslu, þvotta og hreingerningu á sjúkrahúsum, veitingahúsum og öðrum þesskonar stofnunum.

2. gr.

Hámarksvinnutími þeirra kvenna, er um ræðir í 1. gr., skal vera 10 stundir á dag 6 daga vikunnar, eða alls 60 klukkustundir á viku. Starfsstúlka skal hafa einn heilan fridag í viku hverri, er ákveðinn skal eftir samkomulagi fyrirfram fyrir allan vistar-timann, þó þannig, að a. m. k. annarhver fridagur sé sunnudagur.

Sú stúlka, sem starfað hefir a. m. k. einn mánuð í vist, á rétt á einum frídegi auk hinna vikulegu frídaga. Þegar um lengri vistráðningartíma er að ræða, skulu þessir frídagar veittir í einu lagi sem sumarfrí, þó þannig, að stúlka, sem ráðin er í ársvist, skal fá 14 daga sumarfrí alls. Ekki er heimilt að skerða laun stúlkna vegna þessara frídaga.

3. gr.

Nú vinnur starfsstúlka einhvern dag lengur en 10 klst., og á hún þá rétt á að fá umframvinnu sína greidda samkvæmt gildandi eftirvinnutaxta verkakvenna á staðnum. Heimilt er þó að semja um, að starfsstúlku sé eigi greidd eftirvinnan í peningum, en þá skal hún fá frí frá vinnu, er sé jafnlangt þeim stundafjölda, er hún hefir unnið umfram 10 stunda vinnudag eða 60 stunda vinnuviku, sé greiðsla eftirvinnu eða uppgjör framkvæmt vikulega.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varðar sektum frá 50—1000 krónum. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna itrekaðra óska frá stúlkum, sem vinna í húsum. Í starfsstúlknafélaginu „Sókn“ í Reykjavík hefir mál þetta oft verið rætt og samþykkt verið gerðar í þá átt að fá vinnustundafjölda stúlkna, sem vinna í vistum eða á veitingastöðum, takmarkaðan. Ennfremur samþykkti 5. landsfundur kvenna sumarið 1938 ályktun til ríkis og bæjarstjórna að hlutast til um að takmarka vinnustundafjölda stúlkna, sem vinna í húsum. Eins og nú er ástatt, er lítil von til þess, að stúlkurnar sjálfar af eigin rammleik geti komið fram þessari sjálfsögðu kröfu, vegna þess hve þær eru dreifðar og samtök þeirra veik. En það verður æ ljósara, að nauðsyn er á, að þetta mál verði afgreitt af löggjafanum, svo þessi vinnustétt megi verða aðnjótandi sömu réttinda og aðrar vinnustéttir landsins.